

Alþingi
Erindi nr. P 1. / 1834
komudagur 1. / 2002

DÓMARAFÉLAG ÍSLANDS

Reykjavík, 10. apríl 2002


Frumvarp til laga um breytingu á stjórnarsýslulögum nr. 37/1993.

Umsögn Dómarafélags Íslands

Ekki er gerð nein athugasemd við tillögu um hið breytta orðalag fyrstu tveggja málslíða 5. töluliðar 1. mgr. 3. gr. laganna, að öðru leyti en því að ekki verður séð að sérstök þörf sé á þessari breytingu. Ekki er gerð athugasemd við að þriðja málslíðnum „Verði undirmaður vanhæfur . . . af þeirri ástæðu einni”, sé bætt við enda er það í samræmi við almennar og viðurkenndar reglur stjórnarsýsluréttarins. Þó þykir rétt að vekja athygli á því að dómsmál það, sem er tilefni frumvarpsins, varðar vanhæfi á kærustigi máls sem er til meðferðar á lægra stjórnarsýslustigi. Um sérstakt hæfi starfsmanna til afgreiðslu mála á kærustigi er fjallað í 4. tölulið 1. mgr. 3. gr. laganna, en ekki 5. tölulið ákvæðisins, sem frumvarpið lýtur að.

Virðingarfyllst,

f.h. stjórnar Dómarafélags Íslands


Eggert Óskarsson

Nefndarsvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík